

Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs starfsárið 2005-2006

Gyða Baldursdóttir formaður
18.10.06.

Fundarstjóri, góðir fundarmenn!

Er ég stóð hér fyrir ári síðan og flutti ykkur skýrslu stjórnar var ekki nema rúmur mánuður liðinn síðan heilbrigðisráðherra hafði flutt okkur starfsmönnum hér þau gleðitíðindi að hluta andvirðis af sölu Símans yrði varið til byggingar nýs spítala. Við fögnuðum þá og fögnum enn. Allt undanfarið ár hefur verið að nokkru merkt þessum tíðindum, þar sem margir starfsmenn hafa lagt mikið af mörkum við undirbúninginn. Ég sagði það þá og segi enn að það er einstakt fyrir okkur öll að fá að lifa þá tíma að taka þátt í svo viðamiklu verkefni sem bygging nýs spítala er. Ýmis önnur mál hafa tekið hug okkar eins og gengur, nokkru miðar áfram í hjúkrun hér á spítalanum, þótt dökkur skuggi mannekle svífi hér yfir og mönnum finnist stundum seint ætli að rofa til. Meira um þetta síðar.

Stjórn hjúkrunarráðs hefur á síðasta starfsári verið skipuð eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum auk formanns sem hér stendur:

Lovísu Baldursdóttur varaformanni

Sigrúnu Gunnarsdóttur ritara

Kristínu Hannesdóttur fulltrúa öldrunarsviðs

Huldu Bergvinsdóttur fulltrúa endurhæfingarsviðs

Ingu Guðbjartsdóttur fulltrúa skurðlækningasviðs

Ragnheiði Sigurðardóttur fulltrúa barnasviðs

Guðrúnu S. Ólafsdóttur fulltrúa kvennasviðs

Þórdísi Borgþórsdóttur fulltrúa svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviðs

Elísabetu Guðmundsdóttur fulltrúa hjúkrunarfræðinga sem starfa utan sviða

Kristínu Sigurðardóttur fulltrúa lyflækningasviðs I og varamanni hennar Hrönn Önundardóttur, sem tók sæti aðalmanns um tíma.

Svandísi Matthíasdóttur fulltrúa lyflækningasviðs II

Kristínu Ólafsdóttur fulltrúa geðsviðs og

Bryndísi Berg fulltrúa slysa- og bráðasviðs

Stjórnin hefur haldið 20 fundi en til viðbótar hafa formaður og varaformaður hist óformlega vegna ýmissa mála.

Þá hafa verið haldnir tveir almennir fundir hér í Hringsal. Þá hefur formaður að venju setið fundi hjúkrunarforstjóra og sviðsstjóra hjúkrunar vikulega og sótt nokkra stjórnarnefndarfundi.

Að venju hafa verkefni stjórnar verið margvísleg og skal helstu þeirra getið hér.

Á aðalfundi hjúkrunarráðs fyrir ári síðan varpaði ég fram þeirri hugmynd hvort LSH ætti e.t.v. að koma á fót nokkurs konar sveit hjúkrunarfræðinga sem væri ráðin við spítalann og kæmi til hjálpar á ýmsum deildum hans þar sem vandræðin væru hvað mest.

Á þeim fundi var Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri og lýsti hún því yfir í lok þess fundar að hún væri tilbúin til að athuga það mál.

Anna stóð við þau orð sín og nú hefur tekið til starfa hjúkrunarsveit innan LSH. Hún er nú skipuð 6 hjúkrunarfræðingum, vildu vera fleiri veit ég, en mjór er mikils vísir. Sveitin hefur nú starfað í u.þ.b. mánuð og ég vil við þetta tækifæri lýsa yfir ánægju minni með stofnun sveitarinnar og ég er þess fullviss að hún á eftir að sanna tilverurétt sinn og koma mörgum kollegum til hjálpar. Ég óska sveitinni alls góðs á komandi tímum.

Af öðrum málum sem til framfara horfir fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður má nefna að í nóvember á síðasta ári skilaði vinnuhópur um stefnu í starfsþróun hjúkrunarfræðinga skýrslu sinni

til hjúkrunarforstjóra og sviðsstjóra fræðasviðs hjúkrunar en um var að ræða samstarfsverkefni þeirra á milli.

Vinnuhópurinn gerði tillögur um mótun stefnu LSH í starfsþróun og setti fram sýn um starfsþróun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, markmið og leiðir. Í kjölfar þessarar vinnu var, nú í sumar, stofnaður starfshópur um starfsþróun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á LSH og hjúkrunarráð var beðið um að tilnefna í hópinn en fulltrúi okkar þar er Ragnheiður Sigurðardóttir deildarstjóri.

Það er einlæg von mín að starf stýrihópsins og starf nýráðins starfsþróunarstjóra geti með ýmsum hætti stuðlað að starfsþróun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á LSH.

Af málum er nefnd voru hér í fyrra og hafa verið í vinnslu á yfirstandandi starfsári var vinna stýrinefndar um stefnumótun á LSH.

Lengi hafði verið talað um hversu brýnt það væri að koma stefnu spítalans á blað.

Vinnuhópurinn hefur unnið mjög gott starf og örugglega ekki alltaf auðvelt þar sem erfiðlega getur gengið að sætta sjónarmið margra aðila en reynt var að hafa sem víðtækast samráð. Fulltrúar úr stjórn hjúkrunarráðs hittu stýrinefndina á nokkrum fundum

auk þess sem fulltrúar hennar komu á fund stjórnar. Nú hefur verið gefið út glæsilegt hefti sem inniheldur afrakstur starfsins

og grunnur lagður að áframhaldinu. Þar eru einnig kynnt þau gildi sem starfsmenn LSH völdu en þau eru, eins og þið eflaust vitið, fagmennska, jafnræði, virðing, öryggi og þekking. Það er afar mikilvægt fyrir hverja stofnun að hafa skýra stefnu og því einkar ánægjulegt að stefna LSH skuli nú liggja fyrir.

Gildi spítalans eru einnig mikilvæg. Þau eiga að túlka það sem við stöndum fyrir hér á þessari stofnun.

Það er ósk stjórnar að stefnan verði lifandi plagg, starfsmenn tileinki sér innihald hennar og gildi og haldi þeim á lofti.

Annars verður stefnan aldrei nema falleg orð á pappír sem menn í hæsta lagi grípa til á hátíðarstundum.

Stöndum því vörð um stefnuna með því að tileinka okkur það sem þar stendur, vitna í hana þegar við þurfum þess með og halda merkjum hennar á lofti.

Hver einasti starfsmaður ber þar ábyrgð.

Starfsmannastefna LSH hefur einnig verið í endurskoðun. Stjórn hjúkrunarráðs var með um athugasemdir við ný drög að starfsmannastefnu í lok 2005. Það er fagnaðarefni að ný starfsmannstefnan skuli vera til endurskoðunar, því hún eins og heildarstefna spítalans á að vera í stöðugri endurskoðun. Þannig verður hún starfsmönnum leiðarljós í vinnu hér á stofnuninni.

Fyrir ári síðan gat ég þess í skýrslu stjórnar að stjórn hjúkrunarráðs hefði verið beðin um að skipa í atvikanefnd LSH

og fagnaði tilurð þeirrar nefndar. Lovísa Baldursdóttir hefur verið fulltrúi ráðsins í þeirri nefnd.

Nú eru hins vegar blikur á lofti varðandi nefndina þar sem Lovísa hefur sagt sig úr henni.

Ástæður þess eru þær að verkefni hennar og vinnulag hefur verið með öðrum hætti en hún gerði ráð fyrir í upphafi.

Þar ber helst að nefna að í kjölfar almenns fundar um skort á hjúkrunarfræðingum til starfa í apríl sl.

fékk atvikanefnd það viðamikla verkefni að gera úttekt á starfsemi tveggja deilda A-6 og gjörgæslu Hringbraut

á þeim þáttum sem lúta að gæðum þjónustunnar og öryggi sjúklinga.

Atvikanefnd er afar mikilvæg sem slík, til að skoða atvik, greina þau og gera tillögur til úrbóta í því augnamiði að auka öryggi sjúklinga. Nú er starfssvið nefndarinnar í endurskoðun og nefndin að nokkru í uppnámi því fleiri hafa sagt sig úr henni.

Það er ósk stjórnar hjúkrunarráðs að atvikanefnd verði áfram starfandi og skipuð besta fólki sem við eigum vól á í því augnamiði að auka öryggi sjúklinga.

Alltaf er verið að leita leiða til að gera starfið hér innanhúss hagkvæmara, legurúmum og legudögum hefur fækkað en legutími styst og bráðleiki aukist.

Sá hópur sem hefur e.t.v. einna mest átt undir högg að sækja í þessum umbreytingum eru aldraðir.

Þeim fjölgar í samfélaginu og koma hingað til okkar í leit að þjónustu og eru þá oft með margvíslegan vanda.

Ég hef stundum sagt að ef einhverjir þá ætti þetta fólk að eiga tilkall til okkar umfram marga aðra.

Þau hafa, oft af litlu, lagt með gleði af sköttum sínum til heilbrigðismála enda getað talið sig ganga að því sem vísu

að þegar á hjátaði þá ættu þau öruggt skjól á heilbrigðisstofnunum. Þau eiga, ég leyfi mér að segja umfram aðra,

þennan spítala og við erum í vinnu hjá þessu fólki. Sem betur fer fá langflestir sem hingað leita góða þjónustu

en við vitum samt að við getum ekki alltaf gert eins vel og við viljum því stöðugt er á okkur krafa um að útskrifa alla sem fyrst

til að búa í haginn fyrir næsta mann. Það var okkur í stjórn hjúkrunarráðs mikið fagnaðarefni þegar

við fengum til okkar á fund

Helgu Hansdóttur lækni, sérfræðing í öldrunarlækningum, en hún kynnti fyrir okkur þau vandmál sem hún taldi snúa sérstaklega að öldruðum innan LSH og hún hafði miklar áhyggjur af. Stjórn hjúkrunarráðs deildi með henni þessum áhyggjum og lýsti yfir stuðningi við málið

og hvatti Helgu til dáða. Hún hvatti menn til að kalla hlutina réttum nöfnum og leita sameiginlega ráða til lausnar þessum mikla vanda.

Í tillögum sínum til úrbóta hafði Helga m.a. í huga að ein deild yrði rekin með lægra þjónustustigi fyrir þá sjúklinga sem ekki gætu verið heima en væru samt ekki í því ástandi að þurfa á innlögn á bráðaspítala að halda,- nokkurs konar heimilisdeild.

Þessi hugmynd er skyld sjúklingahótels hugmyndinni því nýlega bárust frá Noregi fréttir þess efnis að þar hafa menn í auknum mæli tekið upp rekstur sjúkrahótels í nánnum tengslum við spítalann. Svo nánum að innangengt er á milli. Þetta fyrirkomulag er m.a. það sem í bígerð er í nýjum spítala.

Því mætti hugsa sér að LSH tæki það upp að reka slíka deild innan sinna veggja og sjá hvernig og hvort okkur hér á landi

nýtist þessi sama hugmynd og frændum vorum í Noregi.

LSH er þó alltaf að færa út kvíarnar og nú til að koma til móts við þennan sjúklingahóp,- því eins og menn eflaust vita fór nýverið af stað verkefni sem er samstarfsverkefni LSH og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Það felst í að koma á fót sérhæfðri heimaþjónustu fyrir veika aldraða.

Markmiðið er að gera öldruðum veikburða einstaklingum kleift að vera lengur heima með hjálp fagmanna.

Þarna er um athyglisverða tilraun að ræða og áhugavert verður að fylgjast með hvernig til tekst.

Á síðasta ári vann stofnskrárhópur og nefnd um rafræna sjúkraskrá tillögur að heitum á þjónustukjörnum og skipulagi skráningar og vinnslu gagna á LSH. Hjúkrunarráð fékk tillögurnar til umsagnar og gerði við þær talsverðar athugasemdir.

Þessari vinnu hefur nú verið haldið áfram, en lokaniðurstöður liggja ekki endanlega fyrir.

Í byrjun árs komu á fund hjúkrunarráðs yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins Anna Björg Aradóttir og landlæknir Sigurður Guðmundsson. Stjórnin hafði þá tækifæri til að ræða við þau um málefni sjúklinga og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á LSH. Efst í huga stjórnar var öryggi sjúklinga, skortur á hjúkrunarfræðingum, gangalagnir, samstarf LSH við aðrar heilbrigðisstofnanir, innlagnir sjúklinga, málefni aldraðra þ.m.t. áður nefnt bréf Helgu Hansdóttur, klínískar leiðbeiningar, mistök í starfi, samstarf LSH og H.Í o.fl. Aðalumræðuefnið var þó mannekla í hjúkrun og hvernig öryggi sjúklinga er ógnað hvað það snertir. Rætt var um leiðir til úrbóta og samstarfi heitið til að vinna að málinu. Síðar verður vikið aftur að því samstarfi. Landlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur embættisins lýstu áhuga sínum á áframhaldandi samstarfi við hjúkrunarráð og því hér með komið á framfæri.

Fleiri gestir hafa komið til fundar við stjórn hjúkrunarráðs. Magnús Pétursson forstjóri kom tvisvar á fund stjórnar.

Þar var kastljósinu beint að þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni hjá hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum spítalans, þau rædd og þeim þannig komið áleiðis.

Þá kom Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri á fund stjórnar í febrúar sl. og nú í byrjun október kom staðgengill hennar Margrét I. Hallgrímsson.

Á þessum fundum er farið yfir ástandið á spítalanum, hvað brennur heitast á mönnum og það helsta sem er í bígerð varðandi hjúkrun á LSH rætt.

Það var ánægjulegt nú í byrjun þessa mánaðar að fara yfir verkefni ársins og sjá að alltaf þokast málin smátt og smátt

þótt stundum finnist okkur að hægt gangi.

Eitt af því sem við höfum rætt á þessum fundum er hvort LSH hefði markað sér stefnu varðandi ráðningar erlendra hjúkrunarfræðinga

sem koma til starfa á LSH, s.s. m.t.t. íslenskukunnáttu. Kröfur um tungumálakunnáttu eru almennt settar á Norðurlöndunum.

Við í stjórn hjúkrunarráðs höfum bent á að LSH þurfi að marka sér stefnu hvað þetta varðar en einnig um hvert hlutfall erlendra hjúkrunarfræðinga mætti vera á stofnuninni.

Þetta er mikilvægt hvað varðar gæði hjúkrunar og öryggi sjúklinga en tungumálaerfiðleikar eru einn af 10 alvarlegustu áhættuþáttum í sambandi við öryggi sjúklinga.

Samstarf milli stjórnar hjúkrunarráðs, hjúkrunarstjórnar og framkvæmdastjórnar þarf og á að mínu mati að vera náð.

Ég er þeirrar skoðunar að hægt sé að beina enn fleiri málum til hjúkrunarráðs en nú er gert og óska eftir faglegum ábendingum,

ráðleggingum o.s.frv. Þá eiga hjúkrunarfræðingar og ljósmæður að sjá sér hag í að fá álit hjúkrunarráðs á faglegum málum

því hjúkrunarráð er að nokkru utan við fjármálaumræðuna en beinir ljósi að faglegu hlið mála. Stjórn hjúkrunarráðs telur að samstarfið megi auka og kallar eftir auknu samstarfi við

hjúkrunarstjórn

og raunar alla hjúkrunarfræðinga og ljósmæður sem starfa á LSH.

Saman fáum við miklu áorkað.

Í febrúar sl. voru LSH send til umsagnar, drög að frumvarpi til nýrra heilbrigðislag. Í kjölfarið var stofnaður vinnuhópur til að fara yfir drögin fyrir hönd spítalans. Fyrir hönd hjúkrunarráðs var formaður ráðsins til kallaður en auk hans sat þar annar hjúkrunarfræðingur, sem reyndar er líka ljósmóðir, Margrét I. Hallgrímsson. Þá voru í nefndinni 4 lækna og lögfræðingur spítalans.

Hópurinn skilaði síðan umsögn sinni til forstjóra, sem nýtti hana sem uppistöðu í umsögn spítalans til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins. Frumvarpið er nú tilbúið á vef ráðuneytisins en er ekki orðið að lögum.

Ég hvet alla til að kynna sér frumvarpið en í því felst mikil breyting frá fyrri lögum um heilbrigðismál.

Sem dæmi má nefna að í frumvarpinu er nú fyrst getið um tilvist hjúkrunarráðs. Það hefur aldrei verið áður í lögum hér á landi.

Ekki er getið um að það skuli vera til,- en sagt að sé það til þá eigi það að vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis

um atriði í rekstri stofnunarinnar sem varðar hjúkrunarþjónustu og þeim beri að leita ális hjúkrunarráðs um mikilvægar ákvarðanir

varðandi hjúkrunarþjónustu stofnunarinnar. Þetta er afar mikilvægt fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður og festir tilvist hjúkrunarráðs í sessi.

Í nóvember á síðasta ári sendu tveir hjúkrunarfræðingar sem starfa á göngudeild spítalans stjórn hjúkrunarráðs bréf um greiðslur sjúklinga fyrir komur til hjúkrunarfræðinga á göngudeild. Bentu þeir réttilega á að greiðslur sjúklinga fyrir komur á göngudeildir til annarra starfsmanna en lækna fást ekki metnar upp í afsláttarkort hjá Tryggingastofnun ríkisins sem m.a. hefur haft þær afleiðingar að sjúklingar telja þetta ákvæði koma í veg fyrir að þeir vilji koma á göngudeild til annarra starfsmanna en lækna. Hjúkrunarfræðingarnir óskuðu eftir því að stjórn hjúkrunarráðs skoðaði málið. Það gerði stjórnin og átti í því sambandi tal við ýmsa vegna þessa máls m.a. lögfræðing hjá TR. Hann tjáði okkur að TR gæti ekki breytt þessu ákvæði, það yrði að koma frá þeim sem reglugerðina settu. Því varð úr að stjórn hjúkrunarráðs ritaði framkvæmdastjórn spítalans bréf varðandi þetta og óskaði eftir því að hún hlutaðist til um að reglum þessum yrði breytt. Framkvæmdastjórn mun hafa falið SFU að kanna þetta mál en enn sem komið er hefur tilhögun þessari ekki verið breytt, en er í vinnslu, m.a. hafa fulltrúar spítalans rætt þetta á fundum sínum með TR. Um brýnt hagsmunamál er að ræða því þarna fara saman hagsmunir sjúklinga og efling göngudeildarþjónustu LSH.

Stjórn hjúkrunarráðs tók á vordögum til umfjöllunar, að ósk forstjóra, nýjan samstarfssamning LSH og H.Í. Gerði stjórnin við hann nokkrar athugasemdir s.s. um aðkomu LSH um áætlun um fjölda nema á heilbrigðisviði, ráðningu forstöðumanna fræðasviða og að gera þurfi ráð fyrir tíma fyrir kennslu og fræðastörf hjá starfsmönnum LSH. Samningurinn var undirritaður á ársfundi LSH þann 27.apríl sl.

Eins og ég gat um í upphafi og allir vita er bygging nýs spítala í undirbúningi. Á síðasta ári voru starfandi hér á spítalanum yfir 40 notendahópar og í þeim hafa setið rúmlega 200 starfsmenn. Vinnuhóparnir skiluðu af sér í byrjun sumars og nú er starfandi starfshópur sem hefur það hlutverk að rýna í drög að þarfalýsingu nýs háskólasjúkrahúss. Formaður hjúkrunarráðs situr í þeim hópi. Þetta er afskaplega áhugavert verkefni sem ætlunin er að ljúka í nóvember. Í þessu sambandi langar mig til að nefna að á aðalfundi hjúkrunarráðs fyrir ári síðan sagði ég frá ráðstefnu sem ég hafði þá nýlega sótt hjá Planetree samtökunum í Bandaríkjunum. Þau samtök hafa það m.a. að markmiði að gera spítala að heilsusamlegu umhverfi fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk. Á þessu ári höfum við sem fórum á þessa ráðstefnu staðið fyrir kynningum á þessum samtökum og áherslum þeirra hér á LSH. Það má með sanni segja að hugmyndafræði þeirra fellur starfsmönnum hér vel í geð og talið að mikilvægt sé að hafa Planetree samtökin og hugmyndafræði þeirra til hliðsjónar nú við undirbúning nýs spítala. Áðurnefndur starfshópur hefur því sett sig í samband við samtökin og fengið frá þeim áætlun

þar sem fulltrúar samtakanna eru tilbúnir til að koma hingað til lands, dvelja hér í eina viku, - hitta sjúklinga og fjölskyldur þeirra svo og starfsfólk.

Að því loknu skila þeir okkur skýrslu um þeirra tillögur við undirbúninginn.

Í framhaldinu ætti LSH þá möguleika að fá svokallaða Planetree vottun og yrði þar með með fyrstu spítulum Evrópu til að fá slíka vottun.

Við í stýrihópunum teljum að þarna sé eftir nokkru að slægjast en afla þarf fjár til þess að fá fulltrúana hingað til lands.

Við formenn lækna- og hjúkrunarráðs höfum því ákveðið að skrifa Alfreð Þorsteinssyni formanni framkvæmdanefndar um byggingu nýja spítalans bréf og óska eftir að nefndin kosti fulltrúana hingað til lands.

Við vonum að nefndin greiði götu þessa fólks hingað til lands því ég er þess fullviss, og ég veit að margir deila þeirri skoðun með mér, að það geti ekki orðið nema til góðs að tengjast Planetree samtökunum og felur í sér ögrandi og spennandi verkefni.

Læknaráð sendi frá sér viðmikla skýrslu á vordögum um skipulag sérgreina lækninga.

Skýrslan er yfirgripsmikil og fjallar m.a. um skilgreiningu á sérgreinum lækninga, nafngiftir, aðstöðu sérgreina svo og faglega og rekstarlega ábyrgð lækna.

Ekki er meiningin að gera þeirri skýrslu skil hér en formaður læknaráðs kynnti innihald hennar fyrir hjúkrunarstjórn og formanni hjúkrunarráðs.

Í þeirri kynningu voru menn sammála um að nauðsynlegt væri fyrir hjúkrunina hér á LSH að skoða hvernig skipulag hjúkrunar samhliða

og þá e.t.v. sérstaklega hvað varðar stjórnun deilda.

Því var ákveðið að hjúkrunarráð og hjúkrunarstjórn tækju höndum saman um að skipa hóp til að skoða stjórnun deilda á LSH.

Hópurinn var síðan stofnaður nú í haust og er undir stjórn Brynju Ingadóttur.

Fyrir hönd hjúkrunarráðs sitja í hópnum Sigrún Gunnarsdóttir ritari hjúkrunarráðs og formaður þess sem hér stendur.

Hér er um viðamikið og vandasamt verkefni að ræða og margar spurningar hafa þegar vaknað.

Mikilvægt er að skýra hlutverk hvers og eins, þannig náum við bestum árangri og tryggjum besta þjónustu fyrir sjúklinga okkar.

Við hér á LSH, þurfum líka e.t.v. að skoða innihald starfsins og líta á starfslýsingarnar.

Lýsa þær starfinu okkar eins og það er og við viljum að það sé,- lýsa þær því eins og það er og við viljum ekki að það sé

eða -lýsa þær því eins og það ætti að vera en er alls ekki?

Í lögum um heilbrigðismál segir að hjúkrunardeildarstjórar beri ábyrgð á hjúkrun á deildinni,

- er kannski búið að starfslýsa deildarstjórum út úr íslenskum lögum?

Ég er hrædd um að við séum að komast nálægt því.

Við verðum að standa undir þeirri ábyrgð sem er skilgreind í lögum,

við þurfum að standa vörð um hjúkrunina, þrátt fyrir annir og breytta tíma.

Nú er unnið að því að þá ganga alla leið til að gera LSH að reyklausum vinnustað.

Í orði hefur hann verið það í nokkur ár en ekki á borði,- hér hefur verið reykt í ýmsum skotum og nú er ákveðið að það verði lagt af um næstu áramót þ.a. LSH verður reyklaus vinnustaður 1. janúar 2007.

Þetta er samstarfsverkefni á vegum forstjóra þar sem margir koma að undir styrkri stjórn

starfsmanna á skrifstofu starfsmannamála.

Fagna ber þessu átaki sérstaklega því reykingar starfsfólks hafa verið ljótur blettur á okkar góða samfélagi og nú mál að linni.

Samhliða þessu átaki hefur verið ákveðið stofna vinnuhóp til að marka stefnu varðandi reykingar sjúklinga á sjúkrahúsinu og vinna að leiðum til úrbóta. Hjúkrunarráð hefur verið beðið um að skipa fulltrúa í þann hóp og er Raket Valdimarsdóttir deildarstjóri á 32A okkar fulltrúi í hópnum. Það er okkur öllum mikilvægt að skýr stefna sé mörkuð varðandi reykingar, - fyrir verður ekki hægt að taka það mál föstum tókum.

Alltaf verður eitthvað um það að menn deila á vinnustöðum. Það á einnig við hér.

Hjúkrunarráð hefur komið að nokkrum slíkum málum og stjórn hefur fjallað um þau mál sem henni hafa borist

og reynt að taka á þeim af sanngirni og fagmennsku.

Ég sagði hér áður og ítreka að það er bjargföst trú mín að menn eigi að leita meira til hjúkrunarráðs o

g það geti í mörgum tilvikum reynst hjálplegt við að greiða fyrir málum og aðstoða við úrlausn þeirra.

Ég hvet hjúkrunarfræðinga og ljósmæður eindregið til að leita til hjúkrunarráðs með mál sem eru þeim hugstæð og snerta t.d. starfsumhverfi þeirra og öryggi sjúklinga.

Hjúkrunarvikan var haldin í maí eins og undanfarin ár.

Skipulagning hennar er sameiginlegt verkefni fræðslunefndar og og stjórnar hjúkrunarráðs.

Vikan var að þessu sinni óvenju yfirgripsmikil og fjölbreytt.

Vikan var opnuð formlega á mánudegi með fyrirlestri um Planetree samtökin, á þriðjudeginum var málþing um reykleysi á LSH,

á miðvikudeginum var málþing um samskipti og á föstudeginum 12. maí var Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

með dagskrá sína hér í Hringsal. Alla vikuna var síðan veggspjaldasýning sem ég veit að formaður fræðslunefndar mun gera skil hér á eftir

ásamt ítarlegri frásögn af vikunni. Göngutúr var farin um Öskjuhlíðina undir stjórn Lilju

Jónasdóttur, boðið var upp á hópslökun á vegum hjúkrunarfræðinga á geðdeildum og aðgangur var frír að heilsulindinni Laugum.

Hjúkrunarvikan krefst mikils undirbúnings og hefur fræðslunefnd unnið þrekvirki við skipulagningu hennar.

Við fórum fram á það við hjúkrunarforstjóra að fá aðstoð ritara við þann undirbúning og fengum hann nú í vor og þökkum við sérstaklega fyrir það.

Það létti verulega undir með fræðslunefndinni sem þó átti ófáar stundir að baki við undirbúninginn.

Hjúkrunarvikan hefur nú vonandi fest sig í sessi sem árlegur viðburður.

Fræðslunefndin hefur einnig með höndum skipulagningu fræðslufundanna sem eru haldnir vikulega yfir vetratímamann.

Starf fulltrúa fræðslunefndar er því yfirgripsmikið og því hefur stjórn ákveðið að leggja til á þessum fundi

að aðalmönnum í fræðslunefnd verði fjölgað úr 5 í 7.

Fræðslufundirnir, sem haldnir eru á miðvikudögum, eru einnig orðnir hluti af fastri dagskrá.

Erindi sem þar eru haldin spanna mjög vítt svið og vil ég við þetta tækifæri hvetja menn

eindregið til að sækja fundina
og hvetja aðra,- allir ættu einhvern tíma vetra að finna eitthvað við sitt hæfi.

Það mál sem þó hefur verið fyrirferðamest allra mála hjá stjórn hjúkrunarráðs á starfsárinu er skortur á hjúkrunarfræðingum.

Það er nánast hægt að segja að það mál hafi með einum eða öðrum hætti verið tekið fyrir á hverjum einasta fundi stjórnar.

Alþjóðasamtök hjúkrunarfræðinga og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hafa bent á mikilvægi þess að grípa til aðgerða vegna vaxandi skorts á hjúkrunarfræðingum og hafa tileinkað árið 2006 þessu málefni.

Við hér á landi höfum ekki farið varhluta af þessum vanda og hefur skorturinn áhrif á allt okkar starf hvern einasta dag svo að segja.

Við í stjórn hjúkrunarráðs ákváðum á vormánuðum að við yrðum að láta þetta mál alvarlega til okkar taka.

Þann 15. mars fóru formaður, varaformaður og ritari hjúkrunarráðs á fund heilbrigðisráðherra og vöktum athygli hans á skorti á hjúkrunarfræðingum.

Við skildum þar eftir minnisblað um stöðu mála hvaða afleiðingar skorturinn hefði í för með sér fyrir starfsmenn og sjúklinga og nefndum nokkrar leiðir til úrbóta.

Síðan ákvað stjórn að halda almennan fund hér í Hringsal um málið þann 5.apríl sl.

Á þann fund komu hátt í 200 manns. Þar héldu erindi hjúkrunarforstjóri Anna Stefánsdóttir, formaður félagsins Elsa Friðfinnsdóttir, varadeildarforseti hjúkrunarfræðideildar Sóley Bender, Erlín Óskarsdóttir sem fjallaði um vinnu nefndar á vegum F.Í.H.

sem hefur verið að skoða mönnun deilda og síðast en ekki síst töluðu á fundinum 4 hjúkrunarfræðingar

sem vinna á klínískum deildum spítalans. Þeir sögðu frá ástandinu á sínum deildum og hvernig þeir upplifðu þann mikla skort

sem við stöndum nú frammi fyrir. Þá var og samþykkt ályktun sem send var m.a. fjölmiðlum.

Þar var m.a. sagt að skorturinn hefði því miður nú komið niður á gæðum þjónustunnar og ógnaði öryggi sjúklinga

og skorað á stjórnvöld og Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri að taka saman höndum við lausn þessa vanda.

Það er skemmst frá því að segja að þessi fundur, sem auglýstur var m.a. á neti LSH, vakti gríðarlega athygli

ekki bara innanhúss heldur líka fjölmiðla. Í kjölfar hans varð mikil umræða um skort á hjúkrunarfræðingum og flest ykkar sem hér eruð

kannist eflaust við þá umræðu og óþarft að rekja hana hér í smáatriðum.

Yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins kallaði síðan saman hóp til að fylgja málinu eftir.

Í hópnum sátu frá landlæknisembættinu, Anna Björg Aradóttir og Laura Sch Thorsteinsson, Elsa Friðfinnsdóttir formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, frá Háskóla Íslands Erla Kolbrún Svavarsdóttir deildarforseti,

frá Háskólanum á Akureyri Árún K. Sigurðardóttir og frá LSH Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri,

formaður,sem hér stendur, varaformaður Lovísa Baldursdóttir og ritari Sigrún Gunnarsdóttir.

Hópurinn sendi síðan frá sér ítarlega greinargerð um málið til heilbrigðisráðherra þann 18.maí sl. Þann 24. maí héldum við síðan annan fund hér í Hringisal til að gera grein fyrir stöðu mála og því hvað hefði gerst á þessum tæpu tveimur mánuðum.

Sá fundur sprengdi af sér þennan sal, alls mættu um 250 manns.

Vinnuhópurinn hitti síðan skrifstofustjóra ráðuneytisins Ragnheiði Haraldsdóttur á fundi um miðjan júní til að ræða tillögur hópsins til ráðherra.

Þá fór formaður á fund rektors H.Í með hjúkrunarforstjóra, formanni félagsins og deildarforseta hjúkrunarfræðideildar til að fylgja málinu eftir.

Þegar ljóst varð hversu margir nemendur höfðu innritað sig til náms í hjúkrunarfræði eða alls um 230 samtals í H.Í. og HA

sendi stjórn hjúkrunarráðs frá sér ályktun um miðjan júlí til að minna á mikilvægi málsins og halda því gangandi.

Við erum nú í einstakri stöðu því ekki skortir á að menn vilji fara í hjúkrun en það er því miður orðin raunin víða erlendis,

- þar vantar nemendur í hjúkrunarnám.

Margir aðrir hafa lagt þessu máli lið m.a. skrifuðu rektorar HA og HÍ ásamt forstjóra LSH, Magnúsi Péturssyni,

bréf til ráðuneyta mennta-, fjármála- og heilbrigðis til að styðja við málið, landlæknir hefur lagt málinu lið,

FÍH sendi frá sér ályktun um miðjan ágúst, vinnuhópurinn hefur áfram hist nú í haust og svo mætti lengi telja.

Gríðarleg spenna var síðan í hópnum er frumvarp til fjárlaga var lagt fram nú á haustþingi.

Okkur sem höfum staðið í baráttunni var það því mikið fagnaðarefni að í frumvarpinu er getið um að verja skuli auknu fé til háskólans

í því skyni að fjölga nemendum í hjúkrunarfræði. Við megum samt ekki fagna of snemma segja menn

því í fyrsta lagi er frumvarpið ekki orðið að lögum og síðan á fjármálanefnd háskólaráðs H.Í eftir að fjalla um málið

og einhver fundarhöld eru einnig eftir við HA.

Ef svo fer að nemendum sem komast upp á vормisseri fyrsta árs fjölgar úr 80 í 105 við H.Í og úr 38 í 48 hjá HA

er hér um að ræða gríðarlegan sigur hjúkrunarsamfélagsins og árangur mikillar baráttu sl. mánaða.

Ég talaði um það hér í fyrra hversu mikilvægt væri að skapa liðsheild.

Þá líkti ég okkar starfi við fótboltalið þar sem allt kapp væri lagt á að vinna leiki,- láta allt ganga upp í leiknum sjálfum.

Til þess þurfa margir að koma að leikmenn og baklandið allt.

Okkar markmið er og verður að sýna okkar besta við hlið sjúklingsins, veita honum þá allra bestu þjónustu sem hugsast getur

þegar hann þarfnast hennar mest. Nú get ég haldið áfram með þessa líkingu og spurt hvernig er liðið að standa sig,

- hvernig gengur hjá klúbbnum. Að mínu mati er illt í efni því við erum að keyra of mikið á sömu mönnunum,

þeir eru þreyttir og meiðsli hrjá liðið. Allir eru að reyna sitt besta, baklandið er að leggja til nýjar

leiðir sem duga eitthvað,

- en allt fellur einhvern veginn um sjálft sig þegar ekki koma inn nýir menn og ekki er hægt að styrkja liðið og hvíla.

Við verðum því öll að taka höndum saman, hér og hvar sem við komum því við að hjálpast að við að fjölga í stéttinni,

fá hjúkrunarfræðinga til vinnu og þá verður baklandið að standa sig við að halda í þá.

Þá kemur líka og ekki síst til kasta þjálfarans, nuddaranna og allra annarra sem standa að baki því að skapa þær aðstæður að liðið geti gert sitt besta. Við verðum að fá tóms til að hjúkra, gera það sem við erum best í,

finnst skemmilegast og hvatti okkur til starfsins. Umhverfi sem raðar fjármagninu ofar en umhyggjunni er ekki aðlaðandi.

Hagfræði og umhyggja eru ekki endilega andstæð öfl, það þarf að vinna saman en umhyggjan á ekki verða undir í þeirri samvinnu.

Eða eins og Pétur Þríhross sagði í Heimsljósi Halldórs Laxness: "Kærleikurinn er nefninlega það eina sem borgar sig þegar til leingdar lætur,

þó hann virðist vera tap í svipinn".

Við þurfum að standa saman, efla traust og skynja að við erum ein heild. Lítum á öll svið, allar deildir sem rör eða pípu í stóru orgeli.

Hver pípa vill láta sinn hljóm heyrast vegna þess að hann er svo mikilvægur en samhljómur verður það ekki nema með öllum hinum.

Við náum ekki árangri ef við skynjum ekki mikilvægi hvers einasta starfs og látum menn njóta sín og gera það sem þeir gera best,

- látum það, eins og ég hef áður sagt við sama tækifæri, fara á kostum. Skynjum samkenndina hvert með öðru,

við getum ekki án hvers annars verið. Hver pípa má sín lítils ef hún stendur ein og sér en saman getum við náð fram fallegu lagi,

dásamlegum hljóm - ef við bara viljum og leggjum okkur fram og þess njóta sjúklingarnir.

Ég hef nú setið sem formaður hjúkrunarráðs sl. 4 ár og lýk því nú seinna kjörtímabili mínu og eins og segir í starfsreglunum skal nú skipt um formann.

Mörg mál hafa komið til kasta hjúkrunarráðs þessi ár sem ég hef starfað sem formaður og hafa þau verið af ýmsu tagi.

Það hefur verið mikil áskorun í því fólgin að takast á við þetta verkefni,- oftast mjög gaman og alltaf viðburðarríkt.

Ég hef átt því láni að fagna að hafa með mér í stjórn einstaka félaga sem hafa sýnt mér mikið traust

og staðið við bakið á mér í verkefnum dagsins.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim stjórnarmönnum hjúkrunarráðs þessi 4 ár fyrir einstakt samstarf.

Þá vil ég einnig þakka öllu nefndarfólkinu fyrir þeirra framlag til hjúkrunarráðs sem hefur verið mikið og óeigingjarnt.

Á engan tel ég þó hallað þótt ég við þetta tækifæri þakki sérstaklega mínum nánustu samstarfskonum

Lovísu Baldursdóttur varaformanni og Sigrúnu Gunnarsdóttur ritara en við höfum stigið dansinn saman með styrka stjórn að baki.

Samstarfið við allt þetta fólk hefur verið ómetanleg reynsla sem lifir í minningunni. Þá vil ég einnig þakka formanni læknaáðs, Friðbirni Sigurðssyni, fyrir mjög gott samstarf en eins og mörgum er kunnugt höfum við tekið höndum saman í ýmsum málum þar sem við teljum að ráðin eigi sameiginlegra hagsmuna að gæta. Yfirhjúkrunarfræðingi landlæknisembættisins, Önnu Björgu Aradóttur, vil ég sérstaklega þakka góða samvinnu og vona að framhald verði á samstarfi embættisins og stjórnar hjúkrunarráðs. Erlu Kolbrúnu Svavarsdóttur deildarforseta hjúkrunarfræðideildar þakka ég einnig gott samstarf. Hún gat því miður ekki verið með okkur í dag en það mig fyrir góðar kveðjur á þennan fund og þakkir til stjórnar hjúkrunarráðs. Þá vil ég að endingu þakka Önnu Stefánsdóttur og öllum sviðsstjórum hjúkrunar fyrir gott samstarf en með þeim hef ég setið á vikulegum fundum sl. 4 ár. Allt þetta góða fólk hefur stutt hjúkrunarráð með einum eða öðrum hætti, hefur stuðlað að því að hjúkrunarráð er komið til að vera, er að helga sér svæði, skapa sér sess og lætur til sín taka. Verk þeirra allra eru þakkarverð og enginn getur sagt það betur en gert er í Sjömeistarasögu Laxness en þar stendur: "Ég vona að þeir vitru menn heimsins hafi rétt fyrir sér, sem segja að ekkert sé til rétt nema sá veruleiki sem birtist í verkum góðra manna."

Takk fyrir